

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Veðurstofu Íslands.

1. Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Veðurstofa Íslands?

Veðurstofa Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 70/2008, um Veðurstofu Íslands, og eru lögbundin verkefni stofnunarinnar eftirfarandi:

1. að annast vöktun vegna náttúrvárá og gefa út viðvaranir og spár um yfirvofandi hættu af völdum veðurs og veðurtengdra þátta, jarðskjálfta, eldgosa, hlaupa, vatnsflóða og ofanflóða;
2. að sjá um rekstur veðurfræðilegra grunnkerfa og annast veðurþjónustu, sbr. lög um veðurþjónustu;
3. að annast almennar kerfisbundnar vatnamælingar í ám, stöðuvötnum, lónum, strandlónum, strandsjó og grunnvatni, þ.m.t. mælingar á rennsli, vatnshæð, vatnshita, aurburði og öðrum eðlis- og efnafraðilegum eiginleikum vatns;
4. að annast mælingar á snjóalögum og jöklabúskap og kortlagningu á ísalögum fallvatna og stöðuvatna;
5. að annast mælingar á hvers kyns jarðhræringum, jarðspennu, kvíkuhreyfingum og hægum jarðskorpuhreyfingum, auk þess að safna upplýsingum um eldgos og öskufall;
6. að gera athuganir og mælingar á mengun í lofti, úrkomu og vatni;
7. að annast langtímarannsóknir á vatnsauðlindinni, eðli hennar og skilyrðum til nýtingar samkvæmt samningi við viðeigandi stjórnvöld;
8. að annast skráningu, varðveislu og miðlun gagna á starfssviði stofnunarinnar;
9. að kortleggja veðurfar landsins og fylgjast með loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á þá þætti náttúrunnar sem stofnunin á að vakta;
10. að kortleggja stöðuvötn og vatnsfarvegi landsins og gera vatnafars- og flóðakort;
11. að kortleggja jarðskjálftavirkni landsins og fylgjast með breytingum á jarðskjálftavirkni;
12. að sinna verkefnum á sviði ofanflóðavarna, sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum;
13. að vinna hættumat vegna náttúruhamfara að beiðni almannavarnayfirvalda eða annarra stjórnavalda;
14. að vinna að rannsóknum á starfssviðum stofnunarinnar er hafi það að höfuðmarkmiði að auka þekkingu á ýmsum eðlisþáttum lofts, láðs og lagar, auka þekkingu á vatnafari, veðurfari og jarðskjálftavirkni landsins, bæta þjónustuna og auka hæfni stofnunarinnar til að láta í té upplýsingar í þágu atvinnulífs, öryggismála, sjálfbærrar nýtingar auðlinda og annarra þarfa landsmanna;
15. að annast samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina og önnur milliríkjjasamskipti innan verkahrings stofnunarinnar;
16. að vera ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni á verksviði stofnunarinnar;
17. önnur verkefni sem ráðherra felur stofnuninni sérstaklega.

Í samræmi við hlutverk Veðurstofunnar samkvæmt lögum um stofnunina er nánar fjallað um hlutverk hennar í ýmsum sérloögum, t.d. lögum nr. 70/2012, um loftslagsmál, lögum 36/2011, um stjórn vatnamála, lögum nr. 88/2018, um skipulag haf- og strandsvæða, og lögum nr. 132/1999, um vitamál. Nánari upplýsingar um hlutverk Veðurstofunnar er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar, www.vedur.is.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Veðurstofu Íslands og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Heildarfjárhheimild Veðurstofu Íslands samkvæmt fylgiriti fjárlaga 2020 er 2.581,6 millj. kr. og er ætlað til að sinna verkefnum stofnunarinnar en fjárhheimildir stofnana eru ekki sundurliðaðar sérstaklega eftir lögbundnum verkefnum í fjárlögum.